



12. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025 - 2026

1. desember 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Ívar Hauksson (ÍH), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS), Hákon Leifsson (HL), Sigurður Elmar Birgisson (SEB) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Enginn

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerðir síðustu tveggja funda voru samþykktar samhljóða.

2. Alendis

Anna Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Alendis mætti á stjórnarfund. Rætt var um samstarfið undanfarin ár og mögulegt áframhaldandi samstarf.

3. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

a. Umhverfisstefna

Umhverfisstefna félagsins var lögð fram til samþykktar stjórnar sem hluta af þeirri vinnu sem unnið er að því að Fákur verði fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Umhverfisstefnur annarra hestamannafélaga voru hafðar sem fyrirmyndir.

Fjárfest verður í flokkunartunnum í félagsheimili og reiðhöll, þannig að hægt verði að flokka sorp sem fellur til.

Stjórn samþykkir umhverfisstefnu félagsins samhljóða.

b. Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun

Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun voru lagðar fram til samþykktar stjórnar sem hluti af þeirri vinnu Fáks að því að verða fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Jafnréttisáætlun ÍSÍ og jafnréttisstofu var höfð til hliðsjónar, auk jafnréttisstefnu ÍR.

Stjórn samþykkir jafnréttisstefnu og áætlun samhljóða.

c. Forvarnarstefna

Forvarnarstefna var lögð fram til samþykktar stjórnar sem hluti af þeirri vinnu Fáks að því að verða fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

HS leggur til að til að uppfylla forvarnarstefnu félagsins verði hér eftir ekki veittir áfengir drykkir á viðburðum á vegum félagsins. Þar sem félagsmenn hittast með hestum sínum. Félagið er íþróttafélag og getur ekki verið að ýta undir áfengisneyslu meðan félagsmenn eru í samvistum við hestinn. Að auki er það lögbrot að neyta áfengis á hestbaki og veldur einnig slyshættu.

Stjórn samþykkir forvarnarstefnu samhljóða.

d. Æskulýðsnefnd

Skilgreining á hlutverki og markmiði æskulýðsnefndar var lögð fram til samþykkis stjórnar sem hluti af því að félagið verði fyrirmyndarfélag ÍSí.

Stjórn samþykkir hlutverk og markmið æskulýðsnefndar samhljóða.

VFS vék af fundi.

4. Eiðfaxi

Magnús Benediktsson framkvæmdastjóri Eiðfaxes mætti á stjórnarfund. Rætt var um starfsemi Eiðfaxes og möguleika á samstarfi.

Tekin var ákvörðun um að semja við Eiðfaxes um samstarf fyrir komandi ár. EG var falið að vera í sambandi við Magnús og hefja samningagerð.

5. Uppgjör október 2025

Um 10 milljón kr. hagnaður er af rekstri félagsins á fyrstu 10 mánuðum ársins áður en tekið er tillit til afskrifta og er það um 9 milljón kr. betri afkoma heldur en gert var ráð fyrir í áætlun. Tekjur félagsins voru rúmar 18 milljónir kr. umfram áætlun en kostnaður um 9 milljónum yfir áætlun.

6. Brekknaás 9

Áhugasamir aðilar hafa sett sig í samband við framkvæmdastjóra og hafa þeir áhuga á að leigja aðstöðu í Brekknaási 9 og bjóða þar upp á þjónustu við hestamenn. Skilyrðið er að hann hafi heimild til að stilla upp 20 feta gámi á lóðinni.

Stjórn list ekki á að setja upp gám við Brekknaás enda samræmist það ekki nýsamþykkttri umhverfisstefnu félagsins. EG er falið að ræða við þessa aðila um frekari útfærslu og mögulegar staðsetningar fyrir gáminn.

7. Félagsjakkar og fatnaður

HL fær það verkefni að fylgja eftir samskiptum við framleiðanda.

8. Kerrustæði

Stjórn hvetur félagsmenn sem ekki hafa fært kerrur sínar niður á kerrusvæði að gera það. Auglýst verður á heimasíðu Fáks og á samfélagsmiðlum.

9. Önnur mál

a. Neyðarnúmer í Faxabóli -

ÞSS hefur haft samband við Neyðarlínuna og mun ýta á eftir framgangi þessa máls.

b. Útreiðartúr borgarfulltrúa

HS heyrði á umræðu í borgarstjórn að áhugi væri á því hjá borgarfulltrúum að tekin verði aftur upp útreiðatúr borgarfulltrúa. Umræður um mögulega framkvæmd. ÍH var falið að heyra í aðilum sem gætu mögulega útvegað hesta í þetta verkefni.

c. Fulltrúar Fáks í starfshóp

HS stakk upp á nöfnum til að skipa í starfshóp menningar- og íþróttaráðs um stefnumótun hestamennsku í Reykjavík. Ekki er búið að skipa starfshópinn. Umræða.

d. Þorablótsnefnd

HS upplýsir um að þorablótsnefnd hefur verið skipuð og hún mun funda á morgun.

e. Taðlosun

Taðlosun er rædd. Þetta verður eitt af þeim málum sem þarf að ræða í starfshópi um stefnumörkun hestamennsku í Reykjavík.

Fleira var ekki rætt.

Fundi var slitið kl. 19:00